

RÍKISSÁTTASEMJARI KYNNIR :

NÁMSSTEFNUR Í SAMNINGAGERÐ

Hvað?


Á námsstefnunum verður stefnt saman öllum sem sæti eiga í samninganefndum og vinna að kjarasamningagerð í landinu. Þar gefst því einstakt tækifæri til að fara yfir vinnubrögð við kjarasamningagerðina og hvernig má bæta þau, ræða aðferðir við undirbúning fyrir samningaviðræður, deila reynslu og efla marksækni og fagmennsku við samningaborðið.

Verð: 95.000 á mann

Innifalið í verði: Námskeiðsgjöld, námsgögn, gisting og matur.

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar í stærri og minni hópum, vinnustofur og verkefnavinna.

Hvar? Hvenær?



15.-17. nóvember 2021,
Norðurland, Fosshótel Húsavík

14.-16. mars 2022,
Suðvesturland, B59 hótel í Borgarnesi

16.-18. maí 2022,
Vestfirðir, Hótel Ísafjörður

19.-21. september 2022,
Austurland, Hótel Hérað á Egilstöðum

7.-9. nóvember 2022,
Vesturland, Fosshótel Stykkishólmur

Skráning fer fram á heimasíðu ríkissáttasemjara,
www.ríkissattasemjari.is

Til hvers?

Námsstefnurnar byggja á virkri þátttöku í umræðum og æfingum. Fengnir verða valdir sérfræðingar og fólk með reynslu af kjarasamningum til að deila þekkingu og upplifun af samningagerðinni. M.a. verður farið yfir

- leikreglur sem tengjast kjarasamningagerðinni
- þætti sem líklegir eru til að stuðla að virðingu, fagmennsku og bestu niðurstöðu í samningagerð
- efnahagslegt samhengi kjarasamninga
- leiðir til að takast á við hindranir í samningaviðræðum
- aðferðir til að undirbúa samningaviðræður og efla samstarf innan samninganefndarinnar
- virka hlustun o.s.frv.

Ríkissáttasemjari naut liðsinnis nýstofnaðs Fræðsluráðs ríkissáttasemjara við undirbúning námsstefnanna. Í fræðsluráðinu sitja fulltrúar allra heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins auk Reykjavíkurborgar. Skipulag og efnistök voru ákveðin í samráði við fræðsluráðið sem mun einnig meta árangurinn af námsstefnunum.



RÍKISSÁTTASEMJARI